

# Fundargerð 41. fundar

## skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2020, mánudaginn 31. ágúst kl. 13:30 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1607016SA

Á fundinn mættu Hrafnhildur Bragadóttir frá Skipulagstofnun og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSVN, sem er fulltrúi sambandsins í ráðgjafanefnd um gerð landsskipulagsstefnu, ásamt Hrafnkatli Á Proppé.

Hrafnhildur hélt stutta kynningu á stöðu vinnu við breytingu á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem felst í nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingar með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu. Fram kom að stefnt er að því að tillagan verði auglýst um miðjan september. Að loknu samráðsferli fer tillagan til ráðherra og að lokum fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Fram kom í máli Unnar Valborgar að tillögum muni fylgja íþyngjandi kröfur á sveitarfélög sem þó eru nauðsynleg ef ná á frekari árangri í lofslagsmálum, landslagi og lýðheilsu.

*Málið mun fá ítarlegri umfjöllun á næsta fundi skipulagsmálanefndar.*

Hrafnhildur Bragadóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir viku af fundi kl. 14:30

### 2. Samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum - 2001074SA

Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu hjá sambandinu, gerði grein fyrir mótun samstarfs sveitarfélaga um stafræna þjónustu. Fór hún yfir þau verkefni er hafa verið unnin síðan hún hóf störf hjá sambandinu. Kom fram að lokið hafi verið greiningu á stafrænni stöðu sveitarfélaga ásamt því að óformlegur ráðgjafahópur með fjölbreyttum hóp aðila innan sveitarfélaga hafi aðstoðað við fyrstu skref. Er nú stefnt að því að formgera samstarf sveitarfélaga í stafrænni þjónustu. Mikil tækifæri eru til frekara samstarfs í stafrænum málum bæði milli sveitarfélaga sem og með ríkinu. Mikilvægt sé að móta sameiginleg stefna og forgangsröðun svo hægt sé að koma verkefnum til framkvæmda. Fór Fjóla María einnig sérstaklega yfir stöðu vinnu við gerð rafrænnar byggingargáttar og lítur út

fyrir að því verkefni sé að miða áfram í rétta átt.

Fjóla María Ágútsdóttir vék af fundi kl. 15:00.

### **3. Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum - samningur - 2007014SA**

Til kynningar var lagður fram samningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefnið Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum. Eygerður Margrétardóttir fór yfir samninginn og helstu markmið með verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum en þau eru 1) hafa aðgengilegar og samræmdar leiðbeiningar og sniðmát fyrir sveitarfélög um mótun lofsslagsstefnu og aðgerðaráætlaða, 2) útbúa einfaldan losunarreikni til að meta losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sveitarfélaga og 3) miðla þekkingu og reynslu um loftslagsmál til og á milli sveitarfélaga.

Fjallaði Eygerður einnig stutlega um fyrirhugað verkefni um vegvísi fyrir vistvæn mannvirki og að sambandið hefur tilnefnt fulltrúa í starfshóp um aðgerðaáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum. Fram kom í máli Eygerðar að mikilvægt er fyrir sveitarfélög að eiga beina aðkomu að þessum verkefnum þannig að vinnan nýtist sveitarfélögum sem best.

Eygerður Margrétardóttir vék að fundi kl. 15:25

### **4. Stýrihópur um heildstæða löggjöf og stjórnýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir - 2005036SA**

Guðjón Bragason og Valgerður Rún Benediktsdóttir greindu frá áherslum í vinnu stýrihóps og vinnuhópa um heildarendurskoðun löggjafar um ofangreint efni Valgerður fór yfir að stýrihópnum væri ætlað mikið verk en það séu fimm atriði í forgang en þau eru:

1. Möguleikar stjórnvalda til að meta og taka afstöðu til fjárfestinga erlendra aðila í landi, auðlindum og grunnvirkjum út frá sjónarmiðum um þjóðaröryggi.
2. Löggjöf um merki lands og skráningu þeirra með tilliti til nútímakrafna.
3. Vandkvæði sem fylgja því þegar land er í sameign margra eigenda, svo sem varðandi ákvörðunartöku og fyrirsvar.
4. Kostir þess og gallar að lögfesta víðtækari ákvæði um forkaupsrétt að landi, bæði forkaupsrétt opinberra aðila og mögulegan samfélagslegan forkaupsrétt, sem dæmi eru um í Skotlandi og víðar. En fremur ákvæði um verðstýringu, líkt og er að finna í norskum lögum.
5. Stefnumótun um nýtingu lands og skoðun á hvort auka megi vægi landbúnaðar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu.

Um er að ræða allflókin úrlausnarefni sem jafnframt geta verið mjög pólitísk. Hafa fulltrúar sambandsins lagt áherslu á það í byrjun vinnunnar að nægur tími verði veittur til að vinna verkefnið vel og í góðu samráði við þá sem eiga hagsmuna að gæta.

Málið verður tekið aftur fyrir í nefndinni þegar skýrari mynd er komin á vinnu stýrihópsins.

### **5. Drög að leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands - óskað umsagnar -**

## 2008016SA

Lögð fram drög að leiðbeiningum sem Landbúnaðarháskóli Íslands vinnur að fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Verkefnið er liður í vinnu við framfylgd landsskipulagsstefnu 2015-2026. Leiðbeiningarnar hafa verið yfirfarnar af sérfræðingum sambandsins eins og fram kemur í fylgiskjali, en óskað er eftir frekari rýni og umræðu af hálfu nefndarinnar. Til hliðsjónar var einnig lögð fram umsögn sambandsins um drög að reglugerð um sama efni en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur nýverið fallið frá áformum um setningu þeirrar reglugerðar.

Málið var rætt í tengslum við 4. lið.

Fundi var slitið kl. 16:00

---

Bárður Guðmundsson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Hrafnkell Á. Proppé

---

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir